

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni 2019

Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur búfjárræktar- og
þjónustusviðs
mundi@rml.is



Sigurður Kristjánsson
skýrsluhald og
prófarkalestur
sk@rml.is



Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni 2019 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Afurðaskýrsluhald hefur nú verið skilyrði fyrir greiðslum samkvæmt samningi um starfsskilyrði í nautgriparkætt í rúmlega þrjú ár. Þetta hefur orðið til þess að skapa grunn að skýrsluhaldi í nautakjötsframleiðslu, nokkuð sem er nýtt hérlendis.

Undir árslok 2018 var byrjað að birta uppgjör fyrir nautakjötsframleiðsluna og nær það uppgjör til þeirra bóna sem halda holdakýr. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að þessar niðurstöður ná ekki yfir þær holdakýr sem eru á búum þar sem um er að ræða mjólkurframleiðslu. Þetta má líta á sem bæði kost og galla. Kosturinn er sá að uppgjörð tekur til sérhæfðra bóna með holdakýr en gallinn er sá að ekki eru allar holdakýr með í uppgjörinu.

Skýrsluhald nautakjötsframleiðslunnar árið 2019 nær til 107 bóna og þar af er að finna holdakýr af erlendu kyni á 73. Heildarfjöldi búanna eykst um tvö milli ára en búum þar sem er að finna holdakýr ef erlendu kyni fjölga um sex. Kýr á þessum búum voru við uppgjör ársins 2.371 talsins, sem er fjölgun um 154 frá árinu áður. Meðalfjöldi kúa á búu var 22,2 samanborið við 21,1 árið áður og reiknast þessar kýr yfir í 18,1 árskú á bú en voru 17,1 árið 2018. Alls var um að ræða 1.944 burði á þessum búum á árinu 2019 sem jafngildir 0,82 burðum/kú. Þetta er fjölgun um 197 burði og aukning um 0,03 burði á kú milli ára.

Kjötframleiðsla og flokkun ársins 2019

Heildarframleiðsla ársins á þessum 107 búum nam um 560 tonnum sem er aukning um 70 tonn milli ára. Þetta þýðir að þau framleiða ríflega 11% alls nautgripakjöts á landinu. Meðalframleiðsla á bú var 5.237 kg en heildarfjöldi slátraðra gripa var 2.278. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru 4.650 kg og 2.041 gripur. Meðalfallþungi kúa frá þessum búum var 205,9 kg, en

hann reyndist 203,8 kg árið áður og meðalþungi ungneyta var 252,6 kg en þau vógu til jafnaðar 246,1 kg 2018. Til jafnaðar var þeim fargað 739,6 daga gömlum eða 7,3 dögum eldri að meðaltali en á árinu 2018. Það jafngildir vexti upp á 325,9 g/dag, reiknað út frá fallþunga, en sambærileg tala frá fyrra ári var 320,5 g/dag. Til samanburðar var slátrað 9.721 (9.314) ungneytum á landinu öllu sem vógu 243,8 (240,2) kg að meðaltali við 744,3 (738,8) daga aldur. Tölur innan sviga eru frá 2018. Þessi sérhæfðu bú sem yfirlitið nær til ná því gripunum heldur þyngri við lægri aldur að jafnaði. Heilt yfir eru ungneyti þyngri en árið áður enda alin heldur lengur.

Ef litið er á flokkun gripanna var meðalflokkun ungneyta á þessum búum 5,0 (4,8) á meðan meðalflokkun ungneyta yfir landið er 4,2 (4,0). Flokkun er því betri á þessum búum til jafnaðar, rétt eins og árið áður. Rétt er að hafa í huga að meðalflokkun er reiknuð þannig að flokkunum er gefið tölugildi þar sem P=2, O=5, R=8, U=11 og E=14. Meðalgripurinn á búunum í yfirlitinu er því nálægt því að flokkast í O.

Frjósemi

Eins og áður sagði fæddust 1.944 kálfa á þessum búum á árinu 2019 og reiknast meðalbil milli burða 463 (453) dagar. Það þýðir að meðalkýrin nær ekki einum burði á ári sem hlýtur að teljast grunnforsenda þess að um arðbæran búskap sé að ræða. Þegar við bætist að hlutfall dauðfæddra kálfa við 1. burð er 16,1% (17,9%), 5,9% (7,5%) við aðra burði og vanhöld frá 0-6 mánaða 2,6% (2,6%) verður fjöldi kálfa til nytja töluvert langt innan við kálf á kú á ári. Tölur í svigum hér eru frá fyrra ári.

Sæðingum á þessum búum fjölga umtalsvert frá fyrra ári og breytast frá því að teljast nánast óþekkt fyrirbæri yfir í að vera frekar fátíðar. Þannig voru sæddar 280 kýr á árinu 2019 samanborið við 124 kýr árið áður. Hlutfall sæddra kúa hækkar því í 11,9% úr 5,6%. Uppistaðan í sæddum kúm er kýr af erlendu kyni sem telja 208 af þessum 280 sem sæddar voru. Til jafnaðar voru þessar kýr sæddar 1,6 (1,4) sinnum og að meðaltali liðu 137,6 (127,2) dagar frá burði til 1. sæðingar. Þær kýr sem eru sæddar svo löngu eftir burð munu ekki bera með 12 mánaða millibili. Þessa aukningu nem sjá má í sæðingum má án efa rekja til tilkomu sæðis úr nýjum Angusnautum tilkomnum með innflutningi fósturvísa frá Noregi. Til þeirra gripa á líka að vera hægt að sækja meiri vaxtarhraða, betri flokkun auk betri móðureiginleika en horft

Tafla 2. Þyngstu ungneyti á árinu 2019 (yfir 450 kg fall).

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, mán.	Þungi, kg	Flokkun
1160 (naut)	Breiðaból	Angi 95400	AA x IS	28,8	583,7	UN R+3+
1140 (naut)	Breiðaból	Angi 95400	AA x IS	29	553,3	UN R+4
1148 (naut)	Breiðaból	Angi 95400	AA x IS	29,8	519,5	UN R4
0007 (naut)	Mýrar	Angi 95400	AA x IS	28,8	501,7	UN R+3-
1178 (naut)	Breiðaból	Arður 95402	IS x AA	27,4	466,6	UN R3-
0932 (naut)	Nýibær	0804 (AA x IS x LI)	LI x AA x IS	24,8	461,7	UN U3-
1180 (naut)	Breiðaból	1010 (IS)	IS	28,3	453	UN R-2

Tafla 3. Ungneyti með mestan daglegan vöxt á árinu 2019 (yfir 600 g/dag).

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, mán.	Þungi, kg	Flokkun	Vöxtur, g fall/dag
1020 (naut)	Nýibær	0843 (IS x AA x LI)	LI x IS x AA	16,8	352,3	UN R3	658
0623 (naut)	Lækjartún	0566 (IS x AA)	IS x AA	18,6	386,4	UN R+3-	655,5
1160 (naut)	Breiðaból	Angi 95400	AA x IS	28,8	583,7	UN R+3+	653,2
1282 (naut)	Kvíaból	Bolti 09021	IS	19,2	374,8	UN O+2+	616
1140 (naut)	Breiðaból	Angi 95400	AA x IS	29	553,3	UN R+4	613,7
1322 (naut)	Hallland	Angi 95400	AA x IS	21,4	411,7	UN R2	609,2
0878 (naut)	Nýibær	0788 (IS x AA x LI)	IS x AA x LI	21,3	406,2	UN R+3+	603,4

var sérstaklega til þessara hluta við val nauta þegar fósturvísarnir voru keyptir frá Noregi.

Hins vegar þarf að gera verulegt átak varðandi frjósemi holdakúastofnsins í landinu. Bil milli burða er alltof langt en grundvallarforsenda þess að þessi grein geti náð meiri arðsemi hlýtur að vera sú að hver kýr skili sem næst einum lifandi kálfa á hverju ári. Þarna eru miklir möguleikar í að gera betur en nú er.

Mestur þungi og vöxtur

Þyngsta ungneytið sem slátrað var á árinu var naut nr. 1160 á Breiðabóli á Svalbarðsströnd. Sá gripur var holdablendingur af Angus-kyni, undan Anga 95-400 og vóg 583,7 kg er honum var slátrað við 28,8 mánaða aldur. Hann flokkaðist í UN R+3+. Í töflu 2 má sjá þau ungneyti sem náðu yfir 450 kg fallþunga á árinu 2018 en þau voru sjö talsins og frá þremur búum, Breiðabóli á

Svalbarðsströnd, Mýrum í Álfstaveri og Nýjabæ undir Eyjafjöllum.

Í töflu 3 má sjá þau ungneyti sem náðu mestum daglegum vexti reiknuðum út frá fallþunga. Miðað er við að gripirnir hafi náð a.m.k. 15 mánaða aldri við slátrun og reiknað er með 20 kg fallþunga við fæðingu. Mestan vöxt ársins átti naut númer 1020 í Nýjabæ undir Eyjafjöllum. Því var slátrað tæplega 17 mánaða og vóg fallið þá 352,3 kg. Nautið var 29% Limousine, 25% Angus og 46% íslenskt og flokkaðist í UN R3. Athygli vekur gripur númer 1282 á Kvíabóli sem var alflenskur Boltason 09021 en Bolti er þekktur fyrir að gefa stóra gripi með mikinn vöxt.

Vonandi verður birting niðurstaðna skýrsluhalds nautakjötsframleiðslunnar til þess að efla þessa framleiðslu og auka arðsemi hennar. Niðurstöðurnar sýna okkur glögg að víða er vel gert en jafnframt að tækifæri eru til þess að gera betur.

Við skoðum á þessum tölum sem og listum yfir þá gripi sem eru þyngstir og vaxa mest er greinilegt að holdablendingarnir skara fram úr. Þar er í raun ekki um nein ný vísindi að ræða. Eðlilega taka gripir af kynjum sem hafa verið ræktað m.t.t. vaxtar og kjöttgæða, gripum sem eingöngu eru rektadír til mjólkurframleiðslu fram. Þetta ætti hins vegar að vera þeim sem stunda framleiðslu nautakjöts mikil hvatning til þess að nýta það erfðefni sem nú stendur til boða úr gripum fæddum á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti. Þar er um að ræða gripi sem taka gömlu Angus- og Limousine-gripunum mikið fram hvað snertir vaxtargetu og kjöttgæði auk þess sem þeir voru valdir m.t.t. mæðraeiginleika. Þeir sem halda holdakýr ættu því eindregið að notfæra sér sæðingar ef nokkur kostur er. Þá er full ástæða til þess fyrir mjólkurframleiðendur að skoða hvort svigrúm er til þess að nota holdasæði í hluta kúnna og selja blendingana kjöttframleiðendum nýfædda. Margt bendir til þess að nú sé lag, nægur fjöldi kvígna til endurnýjunar fyrir hendi auk þess sem brýnt er að draga úr endurnýjunarhraðanum með arðsemi að leiðarljósi. Ending kúnna þarf að aukast því uppeldi kvígna er kostnaðarsamt auk þess sem kýr á 4.-6. mjólkurskeiði eru í blóma lífsins. Þá eiga þær að standa á hápunkt í framleiðslu í stað þess að meðalkúnni er nú fargað um þriðja burð.

Að lokum er full ástæða til þess að óska þeim framleiðendum sem náð hafa góðum árangri við framleiðslu á nautakjöti til hamingju með þann árangur og vart á neinn hallað þó ábúendur á Breiðabóli, Nýjabæ, Mýrum, Kvíabóli, Halllandi og Lækjartúni séu sérstaklega nefndir í því sambandi.

Tafla 1: Ársuppgjör nautakjötsframleiðslunnar 2019

Uppgjör fyrir síð. 12 mán.	Vesturland og Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra og Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldatölur					
Fjöldi bóna með kýr til kjötframleiðslu	17	30	25	35	107
Fjöldi bóna með holdakýr af eri. kyni	8	22	18	25	73
Fjöldi kúa	520	728	277	846	2.371
Meðalfjöldi kúa á bú	30,6	24,3	11,1	24,2	22,2
Árskýr á bú	26,1	20,5	8,8	18,8	18,1
Fjöldi burða	360	642	223	719	1.944
Meðalfjöldi burða á bú	21,2	21,4	8,9	20,5	18,2
Fjöldi 1. kálfs kúa	118	208	97	221	644
Fjöldi kvígna eldri en 24 mán.	153	89	63	189	494
Endurnýjunarhlutf. all	22,7	28,6	35,0	26,1	27,2
Hlutfall kúa með förgunarstæðu	99,3	100,0	100,0	97,5	98,8
Kjötframleiðsla síð. 12 mán.					
Fjöldi slátraðra gripa	669	466	417	726	2.278
Hlutfall með slátrugögn	97,2	94,1	94,3	94,9	95,3
Meðalframleiðsla á bú	9.471,2	4.149,4	4.211,7	4.843,9	5.236,6
Meðalþungi					
Kýr	229,1	243,4	210,5	178,3	205,9
Ungneyti	242,6	269,8	256,3	247,8	252,6
Meðalflokkun					
Kýr	4,6	4,9	3,7	3,0	3,8
Ungneyti	5,1	5,6	4,4	4,9	5,0
Meðalaldur við slátrun					
Kýr	2.355,8	2.986,5	2.173,9	2.308,4	2.406,0
Ungneyti	701,2	768,8	780,5	729,7	739,6
Vaxtarhraði, g/dag	328,1	336,0	311,4	325,7	325,8
Öll bú ungneyti 12 - 30 mán.					
Fjöldi	1.652	1.530	2.971	3.568	9.721
Meðalflokkun	4,1	4,8	4,0	4,2	4,2
Meðalþungi	228,3	260,1	251,0	237,9	243,8
Meðalaldur	735,0	759,9	747,0	739,6	744,3
Heilsufar síð. 12 mán.					
Hlutfall með sjúkdómaskráningu	11,3	75,5	14,8	9,7	23,6
Kýr					
Fjöldi sjúkdómstífella á árskú	0,0	0,1	0,1	0,0	0,1
Bráðdauði/slys, hlutfall	0,3	0,7	1,4	0,8	0,8
Kálfa					
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	19,2	16,0	15,1	15,4	16,1
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	1,7	6,1	7,3	7,4	5,9
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	1,7	2,3	2,2	3,3	2,6
Frjósemi síð. 12 mán.					
Fjöldi fæddra kálfa	360	642	223	719	1.944
Bil milli burða	434	416	532	497	463
Aldur við 1. burð	32,5	27,7	28,1	29,4	29,4
Fjöldi sæðinga	55	219	88	95	457
Fjöldi sæddra kúa	43	110	50	77	280
Fjöldi sæddra holdakúa	30	91	31	56	208
Sæðingar á kú	1,3	2,0	1,8	1,2	1,6
Dagar frá burði til 1. sæðingar	229,5	110,4	155,1	98,3	137,6
Hlutfall kálfa undan sæðingunautum	1,1	1,4	4,9	3,2	2,4



Meðalframleiðsla á bú var 5.254 kg en heildarfjöldi slátraðra gripa var 2.244. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru 4.650 kg og 2.041 gripur. Mynd / HKR.